

Gagnsæisskýrsla

- skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra RSÍ 2023 vegna ársins 2022.

Árleg gagnsæisskýrsla samanstendur af ársreikningi Réttahafagreiðslna og skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra RSÍ, sem lögð er fyrir aðalfund ár hvert. Endurskoðun ársreiknings Réttahafagreiðslna er í höndum Endurskoðunar og ráðgjafar ehf.

Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag og rétthafasamtök rithöfunda og þýðenda, óháð því hvernig efni þeirra birtist almenningi. Sambandið annast m.a. samningagerð félagsmanna við opinbera- og einkaaðila um höfunda-réttarleg hagsmunamál félagsmanna og tekur einnig að sér innheimtu höfundaþóknunar utanfélagsmanna í þeim tilvikum sem gerðir eru samningar um greiðslur fyrir afnot ritverka og ábyrgist jafnframt skil þeirra gjalda til viðkomandi höfunda, þannig að þeir verði jafnsettir félagsmönnum hvað innheimtu og skil þessara gjalda varðar. Þíast í því sambandi m.a. til 26. gr. a. höfundalaga nr. 73/1972. Þá annast sambandið umsýslu höfundarréttar, þ.á.m. með því að innheimta tekjur og úthluta fjárhæðum til rétthafa í skilningi 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Stjórn RSÍ er kjörin á aðalfundi og skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnarkjöri er lýst á aðalfundi. Formaður og variformaður eru kosnir sérstaklega, síðan aðrir stjórnarmenn.

Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur sambandsins í samráði við og undir eftirliti stjórnarformanns og skv. lögum RSÍ.

Engir hagsmunárekstrar eru á milli félagsins og framkvæmdastjóra, sem stjórnanda sambandsins.

Félagsmenn eru nú um 670 talsins; textahöfundar, barna- og unglingsabókahöfundar, fræðibókahöfundar, handritshöfundar, ljóðskáld, leikskáld, skáldsagna- eða smásagnahöfundar, sjónvarpsþýðendur, þýðendur, ævisagnahöfundar, o.s.frv.

Rithöfundasambandið tekur á móti greiðslum til rétthafa frá fjórum aðilum:

IHM – Innheimtumiðstöð rétthafa

Fjölís; hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð.

MJ DR PJ¹
SK SNB RT

Menntamálastofnun á grundvelli samnings um not á áður birtu efni skv. 17. gr. höfundalaga.

Hljóðbókasafni Íslands á grundvelli samnings um bætur til höfunda skv. 19. gr. höfundalaga.

Auk þess þjónustar RSÍ úthlutunarnefnd vegna greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum sbr. Lög um bókmenntir nr. 91/2007 og reglur nr. 250/2021 sú þjónusta fer fram skv. sérstökum samningi og fellur ekki undir lagalegan tilgang RSÍ.

Greiðslur til rétthafa frá Menntamálastofnun og Hljóðbókasafni lúta ekki samningskvaðaleyfi. Þær eru eyrnamerkar einstökum höfundum og rétthöfum látinna höfunda og greiðast beint til þeirra innan fjögurra vikna frá móttöku greiðslu. Stofnanirnar greiða fyrir umsýslu RSÍ skv. sérstökum samningum þar um.

Greiðslum er komið til skila jafnt til félagsmanna, utanfélagsmanna og erfingja/rétthafa. Rithöfundasambandið heldur utan um ítarlega rétthafaskrá sem uppfærð er reglulega og nýtur þar einnig góðs af skráningum í bókasafnssjóð

Greiðslur frá IHM til RSÍ og FLH renna í Ljósvakasjóð og er úthlutað til einstakra rétthafa skv. reglum sem um hann gilda [Ljósvakasjóður – reglur | Rithöfundasamband Íslands \(rsi.is\)](#). Samkomulag er við Félag leikskálða og handritshöfunda um þær reglur sem gilda fyrir úthlutun.

Greiðslur frá Fjölís renna í Höfundasjóð og er úthlutað í styrkjaformi til einstaklinga [Höfundasjóður | Rithöfundasamband Íslands \(rsi.is\)](#) og til sameiginlegra hagsmunar rétthafa.

Allar greiðslurnar, nema þær sem úthlutað er í styrkjaformi, eru skilgreindar sem fjármagnstekjur eða afleiddar tekjur og ber RSÍ að halda eftir 22% fjármagnstekjuskatti og skila til RSK.

Ljósvakasjóður auglýsir árlega eftir nýskráningum í sjóðinn og sérstökum umsóknum. Úthlutunin miðast við næstliðið almanaksár og fer fram með tvennum hætti:

A. Réttahafaregiðslur skv. skráðum flutningi sbr. 6. gr. Nægjanlegt er að skila inn skráningarupplýsingum einu sinni og gildir skráning þá ótímabundið. Eftir það sér úthlutunarnefndin um að skrá ný verk þeirra sem þegar hafa skilað upplýsingum.

SF

D

SMB 2
mt

W RT

B. Réttihafagreiðslur skv. sérstökum umsóknum. Um slika úthlutun geta sótt rétthafar að styrti verkum, brotum úr verkum, stökum ljóðum, þýðendur skjátexta sem og frumhöfundar skáldverka sem leikgerðir, þættir eða kvíkmyndir hafa verið gerðar eftir. Í umsóknum um greiðslur skv. þessum lið skal rökstyðja og gera grein fyrir notkun á einstökum verkum á umsóknartímabili. Úthlutað er á grundvelli mats úthlutunarnefndar.

Því fé sem Rithöfundasambandið veitir móttöku í Ljósvakasjóð frá IHM til greiðslu bóta vegna eintakagerðar til einkanota skal ráðstafa sem næst því sem hér segir, að frádregnum kostnaði: 67% til höfunda handrita leikins sjónvarps- og hljóðvarpsefnis, 8% til höfunda og þýðenda annarra skáldverka sem flutt hafa verið í hljóðvarpi og sjónvarpi, 15% til greiðslna skv. umsóknum á grundvelli B liðar 5. gr. 10% skal haldið eftir vegna krafna sem upp kunna að koma síðar. Verði fjármunir eftir vegna þess að ekki berast nægjanlegar umsóknir vegna 15% og 8% hlutanna, rennur það fé aftur í sjóðinn og er úthlutað til sameiginlegra hagsmunamála rétthafa skv. ákvörðun stjórnar RSÍ.

Beinn kostnaður vegna meðferðar tekna frá IHM skal greiddur af óskiptu framlagi frá IHM, skv. góðum reikningsskilavenjum. Slíkur kostnaður getur falist í launagreiðslum, greiðslum vegna lögfræðibjónustu, endurskoðunar svo og öðrum kostnaði sem beinlínis fellur til vegna úthlutanna.

Kostnaðarþátttaka til RSÍ skal ekki nema stærri hluta en 25% af óskiptum tekjum Ljósvakasjóðs.

Á árinu 2022 var úthlutað úr Ljósvakasjóði til 140 rétthafa verka sem sýnd voru eða flutt í sjónvarpi og útvarpi 2021. Örfáum greiðslum tókst ekki að koma til skila til rétthafa skv. útsendingalistum Ljósvakamiðla, greiðslurnar eru settar á bið og haldið áfram að reyna að afla upplýsinga um rétthafa þeirra.

Reglur Ljósvakasjóðs eru í gagngerri endurskoðun og verða breytingatillögur lagðar fram á aðalfundum RSÍ og FLH 2023.

Höfundasjóður tekur við greiðslum frá Fjölís vegna verka sem nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annari hliðstæðri eftirgerð. Engar skyrslur eða gögn fylgja greiðslum þannig að raunverulegir rétthafar eru ekki rekjanlegir. Höfundasjóður úthlutar móttoknu fé á eftirfarandi hátt:

70% er úthlutað til rétthafa í formi starfsstyrkja og ferðastyrkja – auglýst er í blöðum og netmiðlum. Við úthlutun úr Höfundasjóði skal miðað við vægi bókmenntagreinar og niðurstöður úr könnunum á ljósritun í skólum eftir því sem unnt er. Rétt er að taka fram að síðasta könnun á ljósritun er orðin áratugagömul og endurspeglar engan vegin þá eftirgerð sem fram fer í dag.

Á meðan ekki er hægt að greiða fyrir raunverulega notkun beint til rétthafa vegna þess að ekki eru til gögn sem styðja við notkunina mun RSÍ halda áfram að úthluta Fjölísgreiðslum til sameiginlegra hagsmuna rétthafa og til einstakra rétthafa á grundvelli umsókna. 2022 var úthlutað 6 starfsstyrkjum og 21 ferðastyrkjum á grundvelli umsókna og samninga. Reglur Höfundasjóðs RSÍ eru í endurskoðun og verða breytingatillögur lagðar fram á aðalfundi RSÍ í maí 2023.

15% til reksturs vinnuhúsa fyrir rithöfunda. RSÍ á og rekur vinnuaðstöðu fyrir höfunda á Eyrarbakka og í Suðursveit – húsin eru nýtt allan ársins hring og er nýting á bilinu 80 - 100% tímans.


15% renna í varasjóð RSÍ – sjóðnum er ætlað að grípa inn í ef nauðsyn krefur og óvænt útgjöld verða sem ekki er gert ráð fyrir í rekstri sjóðanna eða RSÍ.

Beinn kostnaður vegna meðferðar tekna frá Fjölís skal greiddur af óskiptu framlagi frá Fjölís til RSÍ, skv. góðum reikningsskilavenjum. Slíkur kostnaður getur falist í greiðslum vegna lögfræðiþjónustu, endurskoðunar svo og öðrum kostnaði sem beinlínis fellur til vegna úthlutanna. Kostnaðarþátttaka til RSÍ skal ekki nema stærri hluta en 25% af óskiptum tekjum Höfundasjóðs.


Ársreikningur Réttahafgreiðslna gerir grein fyrir Ljósvakasjóði og Höfundasjóði.

Gerðardómur um skiptingu greiðslna frá Innheimtumiðstöð rétthafa fór fram á árinu 2022. Umtalsverður kostnaður vegna þessa féll á Ljósvakasjóð. Í kjölfarið á dómnum voru greiddar eftirstöðvar vegna áranna 2017 - 2021. Fulltrúar RSÍ og FLH ásamt lögfræðingunum Sigurði Erni Hilmarssyni og Sigrún Íngibjörgu Gísladóttur hjá Rétti lögmannsstofu hafa unnið að útfærslu á meðferð þess fjár sem og að endurskoðuðum reglum fyrir Ljósvakasjóð sem lagðar verða fyrir aðalfundi RSÍ og FLH vorið 2023.

Stjórn og framkvæmdastjóri RSÍ



Sigrún Íngibjörg Gísladóttir



Ragnheiður Þórhildur

Hargret Þyggræðottir
Silvur
Jón Guðrúnar